

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra
vegna verslunar og þjónustu á Uxahrygg.

Skipulagsstofnun staðfesti 5. október 2022 óverulega breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 sem samþykkt var í sveitarstjórn 14. september 2022.

Í breytingunni felst að svæði fyrir verslun og þjónustu (VP6) á Uxahrygg er stækkað um 2 ha og gistirýmum fjölgað úr 10 í 15.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 5. október 2022.

Ólafur Árnason.

—————
B-deild – Útgáfudagur: 20. október 2022